

132. fundur Rekstrarnefndar Hjúkrunar- og dvalarheimilsins Klausturhóla 28.4.2021 kl.15:00.

Mættir: Sveinn Hreiðar Jensson, , Elín Heiða Valsdóttir, Anna María Ólafsdóttir, Auðbjörg Bjarnadóttir og Arndís Harðardóttir kemur sem varamaður fyrir Fanneyju Ásgeirsdóttur sem boðaði forföll, Sveinn Jensson ritar fundargerð. Einnig sátu Matthildur Pálsdóttir hjúkrunarforstjóri og Margrét Guðmundsdóttir hjúkrunarfræðingur, Sandra Brá Jóhannsdóttir sveitarstjóri og Jóna Margrét Sigmarsdóttir fulltrúi starfsmanna fundinn.

Dagskrá fundar:

1. Skýrsla hjúkrunarforstjóra

Hjúkrunarforstjóri kynnir að vinna sé í gangi við endurbætur á öryggiskerfi hússins. Jafnframt kemur fram að nú sé aukinn eftirspurn eftir hvíldar- og hjúkrunarrýmum á meðal heimamanna umfram biðlista. Nefndin hvetur hjúkrunarforstjóra til að kalla enn á ný eftir fjölgun hjúkrunarrýma sem og dagdvalarrýma fyrir heimilið.

2. Starfsmannamál

Hjúkrunarforstjóri kynnir uppsafnaðan frítökurétt hjúkrunarfræðinga hjá heimilinu. Um ræðir uppsafnaðan frítökurétt frá og með áramótunum 2017 til áramóta 2020. Rekstrarnefnd mælist til að hjúkrunarfræðingur verði ráðinn til starfa til að leysa núverandi uppsafnaðan frítökurétt og sumarorlof hjúkrunarfræðinga heimilisins. Jafnframt hvetur rekstrarnefndin til þess að innra skipulag heimilsins verði endurskoðað til að koma í veg fyrir uppsafnaðan frítökurétt.

3. Önnur mál

Enginn önnur mál

Fundi slitið kl. 17:00